

PÁSKAR Í DRESDEN & BERLÍN



1. – 8. apríl 2023

Fararstjórn: Kristín Jóhannsdóttir

Vor 1
Þýskaland

Ferðalýsing

Það eru ekki nema rúm 30 ár síðan gaddavírar og múrsteinar skildu að þessa tvo ólíku menningarheima, öðrum megin lýðræðisríki og frjálshyggja, hinum megin strangt lögregluríki. Í þessari áhugaverðu ferð verður ferðast um slóðir þessa fyrrum ríkis kommúnismans, Austur-Þýskalands, þar sem við njótum leiðsagnar Kristínar Jóhannsdóttur en hún bjó sjálf í bæði Vestur- og Austur-Þýskalandi á árunum í kringum fall múrsins og lýsir hún búsetuárum sínum vel í bók sinni, *Ekki gleyma mér*. Við kynnumst sögulegu borgunum **Dresden** og **Leipzig** sem náðu, eftir fall múrsins, á undraverðan hátt fyrri dýrð eftir sprengjuregn bandamanna í lok seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1945. Föllum í þjóðgarðinn Sächsische Schweiz sem þykir eitt fallegasta landsvæði Þýskalands með stórfenglegt landslag sorfinna kletta með litlum, fallegum þorpum og fornum kastölum allt í kring. Seinni hluta ferðarinnar dveljum við í höfuðborginni **Berlín** en á leiðinni þangað verður komið við í **Dessau**, hjarta Bauhaus byggingarlistarinnar. Heim borgin Berlín hefur upp á ótal margt að bjóða en menning og listir blómstra þar sem aldrei fyrr.

8 dagar | 7 nætur

4 nætur Dresden | 3 nætur Berlín

1. apríl | Flug til Berlínar & ekið til Dresden

Brottför frá Keflavík kl. 7:40. Mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Berlín kl. 13:10 að staðartíma. Frá Berlín verður ekið til Dresden og gist þar fjórar nætur á góðu hóteli.

2. apríl | Skoðunarferð um Dresden

Í stjórnartíð Ágústs sterka í upphafi 18. aldar risu þekktustu byggingar Dresden, líkt og kirkja heilagrar Maríu, Frauenkirche, og ein stórkostlegasta bygging barokktímans, Zwinger. Undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar var Dresden nánast þurrkuð út í sprengjuárásum bandamanna en hægt og rólega hefur tekist að endurbyggja borgina í sinni upprunalegu mynd. Miklum



menningarverðmætum hafði verið komið í skjól áður en allt var sprengt í loft upp og er Dresden þekkt fyrir stórkostleg listasöfn, hallir og hið fræga óperuhús Semper. Við skoðum markverðustu byggingarnar og listaverkin í skoðunarferð um borgina en síðan gefst frjálst tími til að kanna umhverfið og njóta lífsins.

3. apríl | Þjóðgarðurinn Sächsische Schweiz



Sächsische Schweiz þjóðgarðurinn státar af einstöku landsvæði sorfinna kletta með fram ánni Elbe eða Saxelfi. Á leið okkar um þjóðgarðinn sjáum við hina undurfögru sandsteinakletta, lítil og falleg þorp og hallir allt frá miðöldum. Við skoðum Königstein virkið, ótrúlegt mannvirki sem gnæfir yfir Saxelfurdalnum en þaðan er útsýni til allra átta svo langt sem augað eygir. Landslagið í Sächsische Schweiz hefur í gegnum aldirnar heillað

landslagsmálara en margir telja þetta svæði til fallegustu staða á jörðinni.

4. apríl | Dagsferð til Leipzig



Stórskáld Þjóðverja, Johann Wolfgang von Goethe, kallaði Leipzig sína litlu París. Miðbærinn er einstaklega heillandi og í skoðunarferð verður farið um alla helstu sögustaði borgarinnar. Við skoðum m.a. Tómasarkirkjuna þar sem Johann Sebastian Bach var lengst af organisti og tónlistarstjóri. Lítum á mikilfenglega minnisvarðann Völkerschlacht Denkmal um bardagann mikla milli hers Napóleons annars vegar og Rússa og Prússlands hins

vegar. Nikolai kirkjan, sem var miðstöð andstöðuhreyfingarinnar, verður einnig heimsótt en þar er áhugavert að skoða ýmsa muni sem minna á dagana fyrir fall múrsins.

5. apríl | Dessau & Berlín

Nú höldum við til Berlínar en á leið okkar þangað stoppum við í Dessau en hún er t.a.m. hjarta Bauhaus byggingarlistarinnar. Þar skoðum við mjög áhugaverðan kafla í sögu hönnunar og byggingarlistar og þeir sem vilja geta skoðað alveg magnað Bauhaus safn. Í Berlín gistum við þrjár nætur á hóteli við Alexanderplatz sem fyrir ekki alls löngu var miðbær Austur-Berlínar.



6. apríl | Berlín

Hin sögufræga höfuðborg Berlín hefur verið aðsetur þjóðhöfðingja allt frá því hún var stofnuð á 13. öld og er í dag stærsta borg Þýskalands. Á ferð okkar um borgina munum við líta nokkur kennileiti með sterka tilvísun í umhleyplingasama sögu borgarinnar á síðustu öld, eins og leifar af Berlínarmúrnum, minnismerki um helförina og Brandenborgarhliðið. Arkitektúr borgarinnar er mjög áhugaverður, bæði fornar byggingar og nýjar, eins og t.d. þinghúsið Reichstag og tónlistarhúsið Berliner Philharmonie.

7. apríl | Frjáls dagur í Berlín



Þennan dag gefst hverjum og einum tími til að kanna borgina nánar á eigin vegum. Mögulega skoða eitthvað sem bar fyrir augu í skoðunarferð gærdagsins en einnig er upplagt að röltu um borgina, fara á söfn, setjast inn á kaffihús og skoða mannlífið. Borgin er kraumandi suðupottur fjölmargra menningarheima, enda menning og listir í hávegum hafðar. Þetta endurspeglast í listalífi borgarinnar og safnaflóru.

8. apríl | Heimferðardagur

Þá er komið að lokum þessarar frábæru ferðar. Eftir morgunverð verður haldið út á flugvöll en brottför er kl. 14:05 og áætluð landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

244.900 kr. á mann í tvíbýli | 36.500 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar og vínsmökkun.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjófnef.



Valfrjálst

- ✓ Sigling á Saxelfi ca € 19.
- ✓ Königstein virkið ca € 10.
- ✓ Bauhaus safnið ca € 10.

